



Nefndasvið alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1446
komudagur 24/3 '98

Reykjavík 24. mars 1998

Efni: Frumvarp til áfengislaga

Stjórn Sambands veitinga- og gistihúsa hefur fjallað um ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir varðandi veitingahúsin:

um 13 grein

Útgefandi vínveitingaleyfa (1. mgr.)

Fulltrúi SVG átti sæti í nefnd þeirri sem vann að tillögum um V. kafla. Í flestum atriðum byggjast ákvæði kaflans á tillögum nefndarinnar nema hvað varðar útgáfu leyfanna. Í frumvarpinu er lagt til að sveitastjórnir hafi útgáfuna með höndum, en nefndin lagði til óbreytt ástand þ.e. að lögreglustjórar hefðu útgáfuna áfram með höndum. Ástæða þess að SVG telur heppilegra að lögreglustjórar sinni útgáfunni er í fyrsta lagi sú að þeir eru miklum mun færri en sveitarfélögin. Hætt er við að fjöldi lítilla sveitarfélaga sé illa í stakk búinn til að sjá um útgáfu leyfanna auk þess sem nálægðarvandamál eru fyrirsjáanleg. Í öðru lagi sýnist okkur heppilegra fyrirkomulag að það sé sami aðilinn sem gefi út leyfi og hafi heimild til að afturkalla þau.

Í dag gefa lögreglustjórar út bæði veitingaleyfin og vínveitingaleyfin, en hið fyrra er grundvöllur hins síðara. Spyrja má hvort heppilegt sé að aðskilja þetta tvennt.

Ný kennitala - nýtt leyfi (4. mgr.)

SVG leggur mikla áherslu á að sækja skuli um nýtt leyfi þegar skipt er um kennitölu, því er þetta ákvæði mikilvægt. Atvinnulífið í landinu hefur í mörg gert athugasemdir við svokallað "kennitöluhopp", en dæmi eru um að veitingastaðir hafi skipt um kennitölu allt að 10 sinnum á ári.

Stjórnandi (5. mgr.)

Þetta ákvæði um að leyfishafi skuli tilnefna stjórnanda er að danskri fyrirmynd og að áliti SVG mjög mikilvægt. Bæði er að þetta kemur í veg fyrir að aðilar sem ekki uppfylla kröfur til að fá leyfi, en vilja reka veitingastað, geti fengið lepp á pappírana eins og lengi hefur viðgengist. Ennfremur eru mörg dæmi um að leyfi hafi gengið kaupum og solum og sá sem á nafn sitt á leyfinu er löngu hættur í atvinnugreininni. Þetta ákvæði ætti að koma í veg fyrir slík dæmi.

Um 14. grein

Vald sveitarstjórna (1. mgr.)

Eðlilegt er að sveitarstjórnir ákveði heimilan veitingatíma áfengis á veitingastöðum, enda best til þess fallnar að meta aðstæður. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 13. grein.

Tryggingar (2. mgr.)

Það var samdóma álit nefndarinnar, svo og álit stjórnar SVG, að eðlilegt sé að umsækjendur um leyfi setji tryggingu skv. ákvæðinu og er það einn liður í því að herða skilyrðin gagnvart þeim sem vilja stunda þennan atvinnurekstur. SVG mun óska eftir því við dómsmálaráðherra að koma að reglugerðarsmið vegna þessa þar sem tryggingarupphæðir verða að vera ásættanlegar.

Skattaskuldir - refsivist (3. mgr.)

Ákvæðið um skattaskuldir er tekið upp úr dönsku lögunum um veitinga- og gistihúsarekstur og leggur SVG mikla áherslu á að það nái fram að ganga. Þetta ákvæði á að koma í veg fyrir að stórskuldarar og síbrotamenn geti opnað hvert staðinn á fætur öðrum eins og viðgengist hefur. Það er lítil von til þess að slíkar aðstæður séu grunnur að góðum rekstri.

Um 17. grein

Tækifærisvínveitingaleyfi

Í 20. grein núgildandi laga er kveðið á um svokölluð tækifærisvínveitingaleyfi sem alls kyns hópar hafa fengið að vild í gegnum tíðina og er ljóst að ákvæðið hefur verið túlkað býsna rúmt af lögreglustjóraembættunum, svo ekki sé meira sagt. SVG hefur í fjöldamörg ár bent á að í skjóli þessara leyfa hefur svört atvinnustarfsemi blómstrað og geta skattyfirvöld staðfest það. Skattyfirvöld hafa ekki treyst sér til að eltast við einstaklinga sem standa fyrir einstökum samkomum í félagsheimilunum því það er aldrei sá sami frá einu kvöldi til annars. Gríðarlegur fjöldi félagsheimila er um land allt. Hluti þeirra hefur nú þegar fengið fast vínveitingaleyfi og hefur SVG lagt á það áherslu að öll félagsheimili fái fast leyfi og þurfi því að uppfylla sömu skilyrði og samkeppnisaðilar þeirra þ.e. veitingahúsin. SVG gerir sér þó grein fyrir að það kunna að vera þær aðstæður í fámennum byggðalögum að ekki er í önnur hús að venda en félagsheimili sem ekki uppfyllir skilyrði til vínveitingaleyfis. Það er því eðlilegt að slíki félagsheimili fái takmarkaðan fjölda leyfa eins og kveður á um í reglugerð skv. síðustu málsgrein 17. greinar.

Það er gríðarleg breyting til batnaðar að það verði ábyrgðarmaður húsnaðisins sem annist á eigin ábyrgð innkaup og sölu veitinga en ekki hinir ýmsu hópar sem leigja húsnaðið.

Um 18. grein

Aldur

SVG hefur áður látið í ljós þá skoðun sína að eðlilegt sé að færa aldurinn til kaupa á áfengi í 18 ár. Það veldur víða vandkvæðum á veitingahúsum að ekki sé samræmi milli aldursmarka til að fá aðgang að veitingahúsum og til að kaupa áfengi. Það yrði

áreiðanlega til góðs að horfast í augu við þá staðreynd að stórir hópar fólks á aldrinum 18-20 ára neyta áfengis en taka aftur á móti strangar á áfengisneyslu fólks undir 18 ára aldri. Það er útilokað fyrir starfsfólk skemmtistaða að fylgjast með því hvort verið sé að kaupa áfengi fyrir gesti, sem eru innan við 20 ára aldurinn.

Um VII kafla

Almennt má segja að nauðsynlegt hafi verið að setja skýrari reglur um heimildir til sviptingu leyfa, ef leyfishafi uppfyllir ekki lengur skilyrði leyfa eða gerist brotlegur, bæði við umrædd lög svo og önnur sem um reksturinn gilda.

Niðurstaða

Samband veitinga- og gistihúsa leggur þunga áherslu á að frumvarp þetta verði að lögum sem fyrst. Það eru nú u.þ.b. eitt og hálf ár síðan nefndin (sjá athugasemdir við V. kafla) skilaði tillögum sínum, en þá hafði SVG ítrekað reynt að benda dómismálaráðherrum, lögreglustjórum og skattyfirvöldum á ótrúlegt aga- og aðhaldsleysi sem ríkir í veitingarekstri, sem leitt hefur til mikils offramboðs á veitingahúsum, fjölda gjaldþrota, mikillar svartrar atvinnustarfsemi og sífelldra kennitöluskipta fjölda veitingastaða. Enginn hefur tapað jafnmiklu á þessu ástandi og ríkissjóður sem stöðugt tapar fé, bæði beint og óbeint, með gjaldþrotum, svartri atvinnustarfsemi og sífellt verri afkomu þeirra fyrirtækja sem standa skil á öllum sköttum og gjöldum. Það er löngu orðið óbærilegt fyrir heiðarleg fyrirtæki að standa í samkeppni við þá, sem fara ekki að neinum reglum komist þeir upp með það. Það er samdóma álit þeirra veitingamanna, sem sitja í stjórn SVG, að þessi hertu skilyrði verði ekki vandamál fyrir þá umsækjendur sem erindi eiga í atvinnurekstur. Það er aftur á móti áhyggjuefni hversu illa margir, sem eiga að framfylgja lögum og reglugerðum, sinna því slæga. Þegar frumvarp þetta verður að lögum, sem vonandi gerist fljótt, er næsta skref að sjá til þess að sú hlið málsins verði í lagi.

Fulltrúar SVG vilja mjög gjarnan koma til viðræðna við nefndina þar sem framganga frumvarpsins er mikið hagsmunamál.

Virðingarfyllt
Samband veitinga- og gistihúsa


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri